

Uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs 2013.

# Greinargerð

um framboð til stjórnarkjörs á aðalfundi 2013.



Stjórn Félags eldri borgara í Hveragerði skipaði í desember 2012 eftirtalin í uppstillingarnefnd samkvæmt félagssamþykktum: Jóhann Gunnarsson, sem er formaður, Egil Gústafsson og Laufeyju S. Valdimarsdóttur.

Um uppstillingarnefnd segir svo í félagssamþykktum FEBH:

## *Uppstillingarnefnd.*

*Stjórn félagsins skipar þrjá menn í uppstillingarnefnd og setur henni formann.*

*Uppstillingarnefndin skal gera tillögur um: Formann félagsins, menn í stjórn og varastjórn og skoðunarmenn ársreikninga. Einnig fulltrúa á þing LEB það ár sem þingið er haldið.*

*Tillögur uppstillingarnefndar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í tvær vikur fyrir aðalfund og skulu þær auglýstar.*

*Tillögur félagsmanna um einstaka menn til stjórnarkjörs skulu berast uppstillingarnefnd eða skrifstofu félagsins minnst fjórum vikum fyrir aðalfund.*

Nefndin auglýsti samkvæmt ofanrituðu hinn 19. janúar 2013 eftir framboðum í laus sæti. Á aðalfundi 2013 skal kjósa tvo stjórnarmenn, einn varamann og tvo skoðunarmenn ársreikninga. Auk þess tvo fulltrúa á landsfund LEB. Þar sem tillaga uppstillingarnefndar felur í sér færslu sitjandi varamanns á miðju kjörtímabili yfir í aðalstjórn þarf einnig að kjósa annan varamann.

Þegar framboðsfresti lauk hinn 31. janúar höfðu engin formleg framboð borist. Nefndin hefur því aflað samþykkis eftirtalinna um framboð í laus stjórnarsæti til tveggja ára.

Til setu í stjórn: Egill Gústafsson, núverandi gjaldkeri, sem gefur kost á sér til endurkjörs og Sæunn Freydís Grímsdóttir sem setið hefur í varastjórn sl. 2 ár.

Til setu í varastjórn: Jóna M. Eiríksdóttir, sem gefur kost á sér til endurkjörs og Kristín Dagbjartsdóttir.

Skoðunarmenn ársreikninga:

Helga Baldursdóttir og Svanur Jóhannesson.

Fulltrúar á landsfund LEB 2013:

Pálína Snorradóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir.

Samkvæmt ofanrituðu verður ekki um önnur framboð að ræða á aðalfundi 2012, sem boðaður hefur verið fimmtudaginn 21. febrúar kl. 14.00 í Þorláksssetri.

Með þessari greinargerð hefur uppstillingarnefnd lokið störfum.

Hveragerði, 7. febrúar 2013.

Jóhann Gunnarsson

Egill Gústafsson

Laufey S. Valdimarsdóttir

